



Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

Starfshópur gegn fíkniefnadreifingu
í grunnskólum Reykjavíkur

Stefnumörkun um aðgerðir
gegn neyslu og sölu
fíkniefna í grunnskólum

Febrúar 2003

**Stefnumörkun um
aðgerðir gegn neyslu og sölu fíkniefna
í grunnskólum Reykjavíkur**

**Niðurstöður starfshóps gegn fíkniefnadreifingu
í grunnskólum Reykjavíkur**



febrúar 2003

Reykjavík, 17. febrúar 2003.

Til fræðsluráðs

Hér er lögð fram skýrsla starfshóps gegn fíkniefnadreifingu í grunnskólum Reykjavíkur. Verkefni hans var, samkvæmt erindisbréfi, að gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir neyslu og sölu fíkniefna í grunnskólum og til hvaða aðgerða skólarnir grípi, komi til þess.

Tilurð hópsins

Á fundi sínum 21. nóvember 2002 samþykkti borgarstjórn að vísa til fræðsluráðs tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að skipa samráðshóp í þeim tilgangi að vinna tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir neyslu og sölu fíkniefna í grunnskólum og til hvaða aðgerða skólar skulu grípa, komi til þess þrátt fyrir forvarnir.

Á fundi fræðsluráðs 25. nóvember 2002 lagði formaður ráðsins fram svohljóðandi tillögu um stofnun starfshóps gegn neyslu og dreifingu fíkniefna í grunnskólum sem samþykkt var einróma:

Í samræmi við tillögu sem borgarstjórn vísaði til fræðsluráðs, 21. nóvember sl., samþykkir fræðsluráð:

Haldið verði áfram því samráðs- og upplýsingaöflunarferli sem formaður fræðsluráðs og formaður félagsmálaráðs efndu til í kjölfar umræðu um fíkniefnamál í skólum á síðasta fundi fræðsluráðs. Formlega verði stofnaður starfshópur í þeim tilgangi að vinna tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir neyslu og sölu fíkniefna í grunnskólum og til hvaða aðgerða skólarnir grípa, komi til þess.

Í þessum hópi sitji: Formaður fræðsluráðs, sem er formaður hópsins, formaður félagsmálaráðs, formaður íþróttá- og tómstundaráðs, fulltrúi tilnefndur af minnihluta í fræðsluráði, fulltrúi tilnefndur frá lista frjálsslyndra og óháðra, fræðslustjóri starfar með formanni fræðsluráðs við vinnu hópsins. Hópurinn kalli til samráðsaðila.

Jafnframt var lagt fram erindisbréf fyrir hópinn.

Hópin skipuðu

Stefán Jón Hafstein, formaður fræðsluráðs, sem var formaður hópsins

Björk Vilhelmsdóttir, formaður félagsmálaráðs

Anna Kristinsdóttir, formaður íþróttá- og tómstundaráðs

Guðrún Ebba Ólafsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks

Margrét Sverrisdóttir, fulltrúi Frjálsslyndra og óháðra.

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri, var ritari á fundum hópsins.

Vinnutilhögun hópsins

Starfshópurinn kallaði til sín ýmsa aðila, s.s. frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Barnavernd Reykjavíkur, Barnaverndarstofu, lögreglu, heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Hópurinn fór yfir stöðu mála varðandi fíkniefnasölu í skólum, kynnti sér meðferðarúrræði, reglugerð um skólareglur í grunnskólum, vinnuferla frá Félagsþjónustunni, Barnavernd og Fræðslumiðstöð og niðurstöður kannana, auk þess að fá kynningu á tæki til að kanna hvort nemandi hefur neytt vímuefna.

Hópurinn ætlaði sér aðeins skamman tíma til að afla sér grunnupplýsinga um stöðu mála. Tillögur hópsins sem hér liggja fyrir eru byggðar á þessari vinnu og er ekki hægt að skoða þær sem heildarstefnumörkun um þennan málaflokk heldur ábendingar um það sem betur má fara við núverandi kringumstæður. Þegar hefur verið lögð mikil vinna í forvarnir og vímuvarnamál af hálfu borgarinnar og starfshópur er að fjalla um endurskipulag forvarna almennt.

f. h. Starfshóps gegn fíkniefnadreifingu í grunnskólum Reykjavíkur
Stefán Jón Hafstein, formaður hópsins

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	4
1. Dreifing vímefna í grunnskólum.....	5
2. Umfang vandans.....	5
<i>2.1 Hópur neytenda „sem erfitt er að ráða við”</i>	<i>6</i>
<i>2.2 Neytendur sem við verður ráðið</i>	<i>7</i>
<i>2.3 Áhættuhópar</i>	<i>7</i>
3. Hvað er hægt að gera?	7
<i>3.1 Úrræði fyrir fjöldann</i>	<i>8</i>
<i>3.2 Úrræði fyrir verst stadda hópinn</i>	<i>9</i>
4. Lokaniðurstaða	10

Inngangur

Viðbrögð vegna vímuefnasölu og vímuefnaneyslu í grunnskólum ættu að beinast að:

- Þeirri jákvæðu staðreynd að nær 90% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla eru vímuefnalausir og forvarnir virka.
- Þeirri staðreynd að lítill hópur unglunga í Reykjavík (15-20 einstaklingar) eru í mjög alvarlegum vanda sem flokkast verður sem heilbrigðisvandamál og barnaverndarmál. Nokkrir tugir í viðbót hverju sinni þurfa á hjálp að halda, þó í misjöfnum mæli. Þetta vandamál snertir almenna skóla beint, en ljóst er að hinn almenni grunnskóli getur einn og sér ekki ráðið við vandamálið.
- Þeirri umhugsunarverðu stöðu að telja má að hverju sinni séu um 300-450 unglingar í skólunum sem hafa prófað lögleg eða ólögleg vímuefni. Að meirihluti þeirra mun ekki vinna sér óbætanlegt tjón og virðist því móttækilegur fyrir leiðbeinandi aðgerðum gegn neyslu þrátt fyrir að hafa fíkað við hana.
- Vímuefnalaus skóli er markmið allrar vinnu.

1. Dreifing vímuefna í grunnskólum

Staðan nú er ekki talin verri en verið hefur.

Talsmenn lögreglu telja dreifingu fara fram í gegnum tilfallandi kunningjanet, og undir þetta tekur talsmaður Barnaverndarstofu sem segir mjög fá gögn benda til skipulagðrar sölustarfsemi í skólum og að ástand sé ekki öðruvísi nú en almennt áður.

Lögreglan telur því ekki að skipulögð sala fari fram í skólunum sjálfum. Verði slíks vart teljist það undantekning, en staðfest eru dæmi um sölu í grunnskólum að því er fram kemur í máli fulltrúa barnaverndar og fleiri. Mjög mikilvægt er að bregðst við slíku umsvifalaust

Dreifileiðir eru einkum sagðar frá stórnotendum fíkniefna á skólaskyldualdri eða eldri unglingum. Auðvelt er að kaupa vímuefni. Nemendur sem vilja nálgast efni fá þau einkum með „maður þekkir mann“ aðferðinni.

2. Umfang vandans

Umfang vandans er ekki stórt miðað við grunnskólana í heild.

Lögregla og aðrir sem til þekkja segja að tiltölulega fáir unglingar sem eigi við mikil vandræði að etja skemmi frá sér og hafi slæm áhrif, hugsanlega á stóran hóp. Vandamál þeirra sem lent hafa illa út af brautinni er mikið, og virðist fara versnandi.

Langtímaþróun virðist benda til að forvarnir virki. Í nýrri könnun *Rannsóknna og greiningar* er staðhæft: „Niðurstöður ESPAD könnunarinnar frá árinu 1999 sýndu að í fyrsta skipti síðan árið 1990 hafi dregið úr áfengisneyslu, reykingum og neyslu ólöglegra fíkniefna meðal nemenda í efsta bekk grunnskóla. Nú í ár (2002) gefa niðurstöður vímuefnakönnunar meðal nemenda í 8.-10. bekkjum grunnskóla á Íslandi vorið 2002 til kynna að sú þróun haldi í megindráttum áfram.” (*Rannsóknir og greining 2002, bls. 9*). Fram kemur mismunur milli hverfa sem vert er að vekja athygli á. Um nánari gögn er vísað í þá skýrslu.

Nýlegar kannanir sýna að lang stærsti hluti grunnskólanema (í 8., 9. og 10. bekk) eru vímuefnalausir. Staðfest er að 85-89% nemenda í efstu bekkjum séu að jafnaði alveg laus við ólögleg vímuefni. Þessum hópi nægir athygli og almennar aðgerðir með sterku félagsneti og forvörnum.

Þá má draga þá ályktun að u.þ.b. 150 ungmenni í hverjum árgangi 8., 9. og 10. bekkjar hafi neytt ólöglegra vímuefna, en víst er að það er í mjög mismunandi mæli. Það eru 450 ungmenni hverju sinni í grunnskólum borgarinnar. Stærstur hluti þessa hóps fer ekki alvarlega út af sporinu og ætti að spjara sig vel ef haldið er vel utan um félagsþroska og námsferil.

2.1 Hópur neytenda „sem erfitt er að ráða við“

2.1.1 Tíu prósent þess hóps sem neytir vímuefna lendir hugsanlega í alvarlegum ógöngum. Um er því að ræða 40-50 börn hverju sinni, sem eru misjafnlega á vegi stöðd. Vinnuhópurinn hefur fengið upplýsingar um að nú séu líkast til 17-20 börn í „óviðráðanlegum vanda“, með fjölda lögregluskýrslna að baki, fjölda meðferðartilrauna og svo framvegis, án árangurs.

Þetta þýðir að grípa verður til mjög sértækra úrræða varðandi hvern einstakling sem svo er komið fyrir hverju sinni.

Þessi litli hópur er sagður skemma mikið út frá sér.

2.1.2 Skólakerfið býður illa stöddum neytendum sem ekki verður við ráðið upp á skólavist í Einholtsskóla meðan beðið er úrlausna, greiningar á Stuðlum eða langtímavistunar.

Gallinn við þessa lausn er sá að þar eru líka börn sem send eru úr heimaskóla af allt öðrum ástæðum. Þetta er óheppileg blöndun og árangur af „námi“ fíkniefnaneytenda í hæsta máta vafasamur.

Þessir neytendur hafa mjög slæm áhrif á skólakerfi sem ekki getur veitt þeim neina aðstoð sem gagnar. Þeir flakka mikið um bæinn, eru í sölu og neyslu meðfram „námi“ meðan beðið er greiningar á Stuðlum, eða eftir að henni lýkur og beðið er langtímavistar.

2.1.3 Meðferð: Vinnuhópurinn telur ekki í sínum verkahring að meta árangur meðferðarræða. Ljóst er þó að fyrir verst stadda hópin duga þau ekki. Frá fulltrúum á Fræðslumiðstöð komu fram spurningar um hvort meðferðarræði séu afeitrun og vinna gegn fíkn, eða fremur félagsleg og sálfræðileg meðferð sem miði að því að byggja upp einstaklinginn. Meðferð í boði taki ekki á fíkn. Að þessu þurfi að huga þegar meðferðarræði séu rædd og metin.

2.1.4 Stuðlar taka meðal annars við bráðatilfellum. Stækkun neyðarmóttöku er fyrirhuguð á árinu 2003 sem mun greiða fyrir lausn á málum þeirra sem eru í bráðum vanda, en aðeins til skamms tíma. Stuðlar sjá og um greiningu áður en kemur til langtímavistunar.

Tíminn milli greiningar og langtímameðferðar má ekki verða of langur. Langtímameðferð (í eitt ár eða meira) er ekki alltaf til reiðu þegar þörf myndast, oftast er umframeftirspurn árstíðabundin (t.d. á haustin) og dregið í efa af fulltrúa Barnaverndarstofu að „byggja eigi yfir toppana“ sem þannig myndast, enda sé það óskilvirk ráðstöfun fjármuna til lengri tíma litið. Því skapast sú staða að erfitt er að stilla nákvæmlega saman eftirspurn og framboð rýma. Fulltrúi Barnaverndarstofu telur ekki óhóflega bið eftir langtímameðferð að öllu jöfnu. Í félagsþjónustu og skólakerfinu er þó tilfinning fyrir því að tafir séu of langar á meðferð.

2.1.5 Upplýsingar sem fram koma sýna að margvíslegar stuðningsleiðir, meðferðarræði og annað sem í boði er fyrir verst stadda hópin dugar einfaldlega ekki til árangurs fyrir þá sem verst eru settir. Vinnuhópurinn telur mjög mikilvægt að taka á þessari staðreynd þar sem verst staddi hópurinn á ekki aðeins við vaxandi vanda að etja heldur skemmir hann frá sér.

2.2 Neytendur sem við verður ráðið

2.2.1 Heilbrigðisyfirvöld og barnaverndaryfirvöld eru hvött til þess að meta stöðugt árangur af þeim meðferðarúræðum sem boðið er uppá. Á sama hátt þarf það stuðningskerfi sem boðið er fram, stöðugt á endurmati að halda.

2.2.2 Í barnaverndarkerfinu þarf markvissa forgagnsröðun þar sem mikill málafjöldi má ekki hamla áherslum á þau börn sem helst þurfa hjálp. Þetta þarf Reykjavíkurborg að taka til sérstakrar athugunar.

2.2.3 Þá er samstarf mismunandi kerfa ekki sem skyldi: skóli, barnavernd, félagsþjónusta, lögregla og á endanum Barnaverndarstofa og heilbrigðiskerfið verða að vinna mjög samræmt. Skólum er stundum ekki ljóst hvert þeir geta leitað. Innan hópsins eru nefnd dæmi um að upplýsingar fari ekki „milli kerfa“, skóli fái t.a.m. ekki upplýsingar um nemendur með mikinn stuðning frá félagsþjónustu og bregðast því ekki við aðstæðum samkvæmt því. Sú tilfinning er rík innan grunnskólans að á endanum sitji skólinn einn uppi með vandann af neytendum sem ekki tekst að hjálpa.

Vinnuhópurinn hefur upplýsingar um að verið sé að vinna að efldu samstarfi félagsþjónustu, barnaverndar og lögreglu í kjölfar vinnu nefndarinnar.

2.3 Áhættuhópar

Flestir unglingar sem fara verulega illa út úr neyslu eru með margháttuð vandamál sem saman stuðla að neyslu.

Lögð er áhersla á að unglingar í áhættu eru af ólíkum toga. Þar getur verið um að ræða erfið heimili (jafnvel neysla foreldra), hegðunarvandi, sálrænn og geðrænn vandi, erfðafræðilegir þættir í bland við aðra.

Ekki er rétt að ræða vímuefnavanda sem einangrað fyrirbrigði, neysla og aðrir áhættuþættir spila saman á flókinn hátt.

Margir telja að fljótlega á skólagöngunni megi greina þá sem verði síðar meir í helsta áhættuhópi og verður skólastarf að miða að því að þessir nemendur fái stuðning áður en í óefni er komið.

3. Hvað er hægt að gera?

Skólastarfið miði að fíkniefnalausum grunnskóla. Það þýðir að skóli verður að geta vísað nemendum frá sem stunda dreifingu og sölu vímuefna, án þess að „skólaskyldan“ verji „rétt“ þessara nemenda til að vera í almennum grunnskóla á kostnað fjöldans. Dreifing og sala vímuefna er skilyrðislaust brottvísunarástæða.

Vinnuhópurinn taldi rétt að óska eftir samstarfi við menntamálaráðuneytið um þetta. Niðurstaðan verði rýmri túlkun á reglum um það ferli sem gildir þegar upplýst verður um dreifingu eða sölu vímuefna. Reglugerðarákvæði um að tryggja beri „skólavist“

verði ekki túlkað sem skylda fræðslufirvalda til að koma nemanda sem uppvís hefur verið að dreifingu fíkniefna í almennan grunnskóla, nema að undangengnu stuðnings- og meðferðarferli sem leiðir til betrunar. Viðurkennt sé að slíkt ferli geti tekið langan tíma og menntun sé sinnt utan hins almenna skóla á meðan, eftir því sem föng eru á.

Hér er eindregið mælt með því að dreifing og sala vímuefna í grunnskólum verði brottvísun úr almennum grunnskóla. Þá verða önnur úrræði að vera til reiðu.

Skólastjórnendur og starfsmenn skóla verða að þekkja og greina mismunandi stig neyslu og gera viðhlítandi ráðstafanir miðað við þyngd brota. Rétturinn, eða skyldan, til að grípa inn í mál af þessum toga í skóla verður að vera skýr. Fræðslumiðstöð gangi eftir að vitund um þessi mál sér skýr hjá skólastjórnendum.

3.1 Úrræði fyrir fjöldann

Grunnskólar séu og verði áfram yfirlýstir vímuefnalausir. Jákvæð staðfesting verði skilaboð til nemenda og forráðamanna. Fylgja verður eftir þeim árangri sem virðist hafa náðst í vímuvörnum með því að nýta áfram þær aðferðir sem lofa góðu.

Tillögur:

3.1.1 Vímuvarnaskólinn verður endurvakinn með nýjum áherslum miðað við reynslu. Þróunar- og fjölskyldusvið borgarinnar hefur skipulagt það starf með Fræðslumiðstöð.

3.1.2 Lagt er til að tekin verði upp „áhættuskimun” í skólum (svipað og lesskimun) til að flokka úr og hjálpa þeim strax sem líklegir eru taldir til að vera í áhættu. Hvatt er til þess að í hverjum skóla sé slík áhættuskimun og forvarnarstarf á skilgreindu verkswiði og ábyrgð tiltekinna starfsmanna. Ábyrgðarmaður á forvörnum fái fræðslu sem leiði meðal annars til þess að „stuðningurinn heim” (á vegum Félagsþjónustunnar) verði raunverulegur valkostur.

Fræðslumiðstöð gangi eftir þessu í samráði við SAF-nefndina.

3.1.3 Forvarnarverkefni sem valin eru af kostgæfni verði studd. Mikilvægt er talið að dreifa ekki kröftum, en halda sig við verkefni sem lofa góðu. Fjölskyldu- og þróunarsvið stilli saman krafta SAF-nefndar, ÍTR, Fræðslumiðstöðvar og Félagsþjónustu í þessu efni svo skilvirkni sé tryggð og sameiginlegri stefnu fylgt, meðal annars með stuðningi við verkefni. Einstakir hlutar borgarkerfisins vinni saman en styðji ekki né taki þátt í forvarnarverkefnum sem ekki eru talin falla undir heildarstefnu.

3.1.4 Innkallaðar verði vímuvarnaráætlanir frá öllum grunnskólum borgarinnar með unglíngastig og miðstig. Það verði á ábyrgð Fræðslumiðstöðvar. Til eru verklagsreglur skóla, félagsþjónustu og barnaverndar um hvernig viðbrögð eigi að vera, komi upp vandi og þar kveðið á um að ráðgjöf sé veitt til forráðamanna og barna sem á þurfa að halda, svo sem um Fjölskyldumiðstöðina við Barónsstíg. Stofnanir gangi eftir að vitund sé um þetta ferli.

3.1.5 Samstarf lögreglu við fjölskyldustofnanir í hverfum sé tryggt og góður samgangur þar á milli, meðal annars með því að lögreglutilkynningar um málefni barna berist til Félagsþjónustu.

3.1.6 Einföld og ódýr vímuefnapróf verði valkostur í skólastarfi til að fylgjast með áhættueinstaklingum – samkvæmt lögum um persónuvernd og rétt til einkalífs. Mælt er með því að Fræðslumiðstöð leiti álits Persónuverndar á notkun slíkra tækja. Það er álit hópsins að upplýst samþykki um notkun slíkra gagna geti stuðlað að virku eftirliti. Fræðslumiðstöð hafi forgöngu um þetta mál og fylgi út í skólana í samráði við rétt yfirvöld.

3.1.7 Öll gögn sem varða neyslu í hverjum skóla liggi fyrir hjá stjórnendum. Kannanir sýna að umfang neyslu er misjafnt eftir borgarhlutum og væntanlega eftir skólum líka. Mikilvægt að hver skóli afli unninna gagna um stöðu mála hjá sér og fylgt sé eftir að þar sem verst er ástand sé tekið fast á. Fræðslumiðstöð gangi á eftir því að skólarnir afli þessara gagna hver fyrir sig.

3.1.8 Réttur foreldra til að fá upplýsingar um stöðu mála í hverjum skóla verði skilgreindur þannig að almennar upplýsingar liggi fyrir, svo sem um stöðu skóla í samanburði við aðra skóla almennt, en varast að gefa út nákvæma flokkun eða „váklist“ yfir skóla borgarinnar enda ástandið mjög breytilegt milli skóla og hverfa hverju sinni. Fræðslumiðstöð vinni leiðbeiningar um það mál til skólanna í samráði við fulltrúa foreldrafélaga. Réttur foreldra til upplýsinga um sitt eigið barn er skýr sem og skylda skólans til að láta foreldra vita komi upp vandamál. Því er varpað fram hvort hægt sé að gera þá kröfu til foreldra að þeir hafi samband við skóla hafi þeir upplýsingar um að einhverjir nemendur neyti fíkniefna eða þá gruni að um sölu sé að ræða meðal unglinga.

3.1.9 Hvatt er til foreldraaðhalds og aga. Bent á árangur í starfi gegn unglíngadrykkju. Í könnuninni *Börnin í borginni* kom fram að drykkja unglínglinga í heimahúsum er algengari en í félagsmiðstöðvum og skólum.

3.2 Úrræði fyrir verst stadda hópinn

3.2.1 Fræðslumiðstöð fylgi eftir óskum við ráðuneyti um rýmri túlkun á reglum sem leiði til þess að hægt sé að vísa þeim sem dreifa og selja vímuefni úr almennum grunnskólum þar til betrun fæst. Fræðslumiðstöð tryggi að allir grunnskólar starfi samkvæmt þessum reglum.

3.2.2 Tillaga er gerð um að lítill starfshópur þar sem í eiga sæti (eftir nánara samkomulagi) fulltrúar heilbrigðiskerfis, skólakerfis og barnaverndar taki á einstaklingsmálum þeirra sem verst eru staddir, þar sem ekki verði við þau ráðið nema með mjög sértækum aðgerðum. Þetta mál hefur þegar verið rætt við heilbrigðisráðherra og forstöðumann Barnaverndarstofu og hlotið jákvæðar viðtökur. Fræðslumiðstöð fylgi eftir fyrir hönd fræðsluráðs.

3.2.3 Vinnuhópurinn hvetur til að „kortlagning“ lögreglu í borgarhlutum og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir í hverfum sem dæmi eru um, haldi áfram í nánú samstarfi við skóla, barnavernd og félagsþjónustu. Styrkur Miðgarðs og Vesturgarðs nýttur sem

fordæmi um þróun í fleiri hverfum. Þessa óskað við lögreglu og hafi Félagsþjónustan forgöngu þar um.

3.2.4 Nauðsynlegt er að skilja á milli unglunga í vímuefnavanda í Einholtsskóla og annarra sem vistast þar vegna erfiðleika af öðrum toga. Einholtsskóli verði fyrir þá nemendur sem ekki eiga heima í almennum skólum en eru vímuefnalausir.

3.2.5 Ráðstafanir verður að gera fyrir þá sem eru uppvísir að mikilli neyslu og geta ekki í raun verið í almennum skóla þar til meðferð tekur við. Þetta er gert til að tryggja að stórneytendur séu ekki, eða eins lítið og mögulegt er, í bland við almenna skólanemendur. Hér þarf að tryggja að helst sé enginn nemandi í almennum grunnskóla sem vitað er um að sé í reglulegri neyslu. Fræðslumiðstöð verði falið að gera tillögur um hvernig best sé að fylgja eftir hið fyrsta.

3.2.6 Starfshópurinn bendir á nauðsyn þess að meðferðarúrræði séu skýr. „Afeitrun” og meðferð við fíkn verða að standa til boða þeim sem verst eru leiknir. Tillaga hefur komið upp um að hugsanlega eigi hluti þessa hóps að fara í meðferð til langs tíma erlendis. Dæmi hafa verið gefin um samstarfsaðilja. Þessi kostur verði kannaður til hlítar hið fyrsta enda vandi ákveðinna einstaklinga bráður. Fjölskyldu- og þróunarsvið hafi forgöngu um þennan þátt.

4. Lokaniðurstaða

4.1 Sá tiltölulega litli hópur unglunga sem á í miklum vanda verður að fara „úr umferð” meðal heilbrigðra unglunga sem eiga rétt á heilsusamlegu og eins öruggu umhverfi og hægt er að veita. Hér er ekki aðeins átt við skólann, heldur það umhverfi sem unglingar lifa og hræst í. Þessi aðgerð er því ekki aðeins mál grunnskólans, heldur sameiginlegt verkefni fleiri.

4.2 Hinn almenni grunnskóli getur ekki sinnt „skylduhlutverki” sínu við þá sem dreifa fíkniefnum, eða mjög sjúka fíkniefnaneytendur. Heilbrigðis- og barnaverndaryfirvöld verða að taka við þeim. Lögregla, barnavernd og Barnaverndarstofa verða að hafa náið samráð um stöðu og feril þessara einstaklinga. Tryggja verður umhverfi sem miðast við heilbrigðisástand þeirra, en ekki „rétt til skólavistar” sem er gagnlaus í besta falli og jafnvel spillandi fyrir aðra. Verst stöddu einstaklingarnir sem engin meðferð eða úrlausnir virðast duga á, fái sértækar einstaklingsbundnar lausnir, svo sem erlendis, undir stjórn heilbrigðisráðuneytis og samráðshóps.

4.3 Hinn almenni grunnskóli verður að efla forvarnir og styrkingu fyrir alla almenna nemendur með því að veita starfsfólki reglulega símenntun á þessu sviði, skýra verklagsreglur, endurnýja og efla starf sem gefist hefur vel. Skólar taki sig á með forvarnaráttunum þar sem við á og bæti eftir föngum þjálfun starfsfólks sem kunnir skil á eftirliti og viðbrögðum.

4.4 Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal lífsleikni kennd í 4.- 10. bekk. Stuðla ber að því að hver einstaklingur geti tekið upplýsta ákvörðun um að neyta ekki vímuefna. Markmiðið um vímuefnalausan grunnskóla sé skýlaust, að mati hópsins.

4.5 Í kjölfar þess að skýrsla þessi er kynnt verði vinnuhópurinn kallaður saman ásamt fulltrúum þeirra í borgarkerfinu sem málið snertir og ábyrgð á aðgerðum sem hér eru kynntar falin hlutaðeigandi stofnunum og starfsmönnum þeirra. Hópurinn fylgist með hvernig eftirfylgni verður og verður því ekki leystur upp meðan það fræðsluráð sem nú er kjörið starfar.